# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.**

*Svínhagi SH-13 og SH-14, deiliskipulag úr landi Svínhaga.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 13. júní 2013, tillögu að deiliskipulagi fyrir Svínhaga, lóðir SH-13 og SH-14. Deiliskipulagið tekur til tveggja íbúðarhúsalóða. Áætlað er að byggja íbúðarhús, bílgeymslu og gestahús ásamt gróðurhúsi.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Heklubyggð, deiliskipulag úr landi Svínhaga.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 5. júlí 2013, tillögu að endurskoðun deiliskipulags fyrir Heklubyggð úr landi Svínhaga. Í stað þess að nefna svæðið Svínhagi er svæðið nefnt Heklubyggð. Númerum og heiti lóða er breytt. Lóðir H40-H42 eru sameinaðar í eina lóð Klettahraun 6. Skilmálar svæðisins eru endurskoðaðir. Opið óbyggt svæði sunnan Hekluhrauns 10 og 14 (H50, H52) er reitað upp í spildur, staðsetning tjaldsvæðis og sameiginlegrar grillaðstöðu skilgreind.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Árvellir, deiliskipulag úr landi Litla-Klofa.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 13. júní 2013, tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Árvellir í landi Litla-Klofa. Deiliskipulagið tekur til byggingar á frístundahúsi og gestahúsi ásamt gróðurhúsi og geymslu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 21. ágúst 2013.*

**Haraldur Birgir Haraldsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. september 2013